

Fundargerð

**stjórnarfundar Félagsbústaða nr. 4 2020
haldinn miðvikudaginn 23. september kl. 16:00
að Þönglabakka 4 og á „teams“**

Mætt: Haraldur Flosi Tryggvason, Laufey Ólafsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Sigrún Árnadóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Auk þess sat Kristín Guðmundsdóttir, fjármálastjóri, fundinn undir lið 2 og 3. Andrés Ívarsson, Grétar Jóhannsson og Þóra Þorgeirsdóttir sátu fundinn undir 3. dagskrárlíð.

1. Fundargerð

Fundargerð stjórnarfundar 27. ágúst 2020 var samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun 2020

Lagður var fram viðauki við fjárhagsáætlun ársins. Í ljósi sex mánaða uppgjors og útkomuspár er gert ráð fyrir lækkun tekna, einnig er gert ráð fyrir lækkun útgjalda til samræmis við tekjulækkun.

Viðauki við fjárhagsáætlun 2020 var samþykktur.

3. Fjárhagsátætlun Félagsbústaða 2020-2025

Drög að 5 ára fjárhagsáætlun var lögð fram og farið yfir helstu þætti áætlunarinnar.

Jafnframt var farið yfir drög að meginmarkmiðum og verkefnaáætlun 2021 til 2025.

Fjárhagsáætlun 2020-2025, meginmarkmið og verkefnaáætlun 2021 til 2025 var samþykkt.

4. Þjónusta og gjöld vegna íbúðaskipta

Lögð var fram samantekt vegna um kostnað við milliflutninga og tekjutap sem hlýst af leigulausum tímabilum.

Samþykkt var að taka upp 30.000 kr. milliflutningsgjald vegna flutnings leigjenda milli íbúða. Leigjendur munu hafa viku til að skila fyrri íbúð eftir að hafa fengið nýja íbúð afhenta.

5. Áhættunefnd

Stjórn Félagsbústaða skipaði Harald Flosa Tryggvason og Gunnar Tryggvason í

áhættunefndina. Sviðsstjóri fjármála- og áhættusviðs Reykjavíkurborgar skipaði Stefaníu

Scheving Thorsteinsson í nefndina. Samþykkt var að þóknun fyrir hvern fund kr. 18.959 og að formaður nefndarinnar fái tvöfalda þóknun.

6. Mannauðsmál

Greint var frá að Kristinn Karel Jóhannsson hefði verið ráðinn sviðsstjóri fjármálasviðs/fjármálastjóri.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 18.30.

Haraldur Flosi Tryggvason, sign.

Heiða Björg Hilmisdóttir, sign.

Laufey Ólafsdóttir, sign.

Sigrún Árnadóttir, sign.